



Bæjarstjórn Garðabæjar
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.10.2015
Málalykill	00.48
Mál nr.	1510090

Kópavogi, 6. október 2015.

Ágóðahlutagreiðsla 2015

Á aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ sem haldinn var 23. september sl. var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar. Jafnframt var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu.

Meginmarkmið fjárfestingastefnu EBÍ er að greiða aðildarsveitarfélögunum árlega út ágóðahlut en með þeim fyrirvara að lágmarkaðar séu líkur á að höfuðstóll skerðist við útgreiðslu. Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna.


Til að minnka líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og til að jafna út sveiflur í greiðslu ágóðahluta samþykkti stjórn EBÍ á sl. ári að miða greiðslu ágóðahlutar við meðalhækkun eigin fjár síðustu þriggja ára. Jafnframt verði að öllu jöfnu ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.

Við ákvörðun endanlegrar upphæðar vegna ársins 2015 ákvað stjórnin að áfram verði miðað við þessa stefnumörkun og samþykkti því á grundvelli ofangreindra forsendna að greiddar verði út 50 milljónir króna til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2015.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er ánægjulegt að geta tilkynnt að á núvirið hafa verið greiddir út úr félaginu tæpir **6 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild Garðabæjar í Sameignarsjóði EBÍ er 3,62 % og greiðsla ársins þann 16. október n.k. verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **1.810.000.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri EBÍ.